



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### Efni tillögu:

Lagt er til að eftirfarandi tillögum sem fram koma í áfangaskýrslu stýrihóps um sárafatækt verði vísað til vinnu sem nú stendur yfir við endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð á velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

**Tillaga 1: Að útreikningar liggi til grundvallar þegar upphæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu eru ákvarðaðar í velferðarráði hverju sinni. Meðal gagna verði samanburður á þróun örorku, atvinnuleysisbóta og fjárhagsaðstoðar til framfærslu sem nýta megi við þá vinnu.**

Ábyrgðaraðilar: Skrifstofa fjármála og reksturs.

Tímaáætlun: 2020

Kostnaður: Ákvarðaður í fjárhagsáætlun hvert ár.

**Tillaga 2: Að komið verði á þjónustugreiðslum fyrir börn notenda fjárhagsaðstoðar sem nýta megi til greiðslu fyrir allt að 8 tíma dvöl á leikskóla, dvöl á frístundaheimili 5 daga í viku auk síðdegishressingar ásamt skólamáltíðum. Um réttindagreiðslur verði að ræða.**

Ábyrgðaraðilar: Skrifstofa ráðgjafarþjónustu.

Tímaáætlun: 2020

Kostnaður: Viðbótarkostnaður áætlaður um 35-40 milljónir á ári.

**Tillaga 3: Reglum um fjárhagsaðstoð verði breytt þannig að ekki þurfi að fullnýta frístundakort til að eiga rétt á heimildagreiðslum skv. 16. a né þjónustugreiðslum.**

Ábyrgðaraðilar: Skrifstofa ráðgjafarþjónustu.

Tímaáætlun: 2020.

Kostnaður: Heildarkostnaður fer ekki yfir 5 milljónir á ári.

**Tillaga 4: Framkvæmd ákvæðis um skerðingar á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar (3.gr reglna) verði þannig að það bitni ekki á börnum sem búa við sárafatækt.**

Ábyrgðaraðilar: Skrifstofa ráðgjafarþjónustu.

Tímaáætlun: 2020.

Kostnaður: Innan ramma.

**Tillaga 5: Að sett verði frítekjumark upp að kr. 300.000 á tekjur fyrri mánaðar þegar komið er inn á fjárhagsaðstoð, t.d. af endurhæfingarlífeyri eða atvinnuleysisbótum.**

Ábyrgðaraðilar: Skrifstofa ráðgjafabjónustu.

Tímaáætlun: 2020.

Kostnaður: Kostnaðarmat fer fram samhliða þeirri endurskoðun á reglum á fjárhagsaðstoð sem nú stendur yfir á sviðinu.

### **Greinargerð:**

Eins og fram kemur í tillögum leggur stýrihópurinn til að heimild til stuðnings börnum verði skýr réttur. Aðstoðin verði greidd þá mánuði sem foreldri fær framfærslu og skal mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt að átta tíma á dag og á frístundaheimili fimm daga í viku auk greiðslu kostnaðar vegna skólamáltíða. Gert er ráð fyrir að aðstoðin verði greidd beint til skóla- og frístundasviðs. Með því móti er tryggt að aðstoðin nýtist að fullu börnum þeirra foreldra sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda.

Heimilt verði eftir sem áður að koma til móts við þarfir foreldra barna með sérstakri fjárhagsaðstoð sem kveðið er á um í 16. gr. og 27. gr. fjórða kafla reglnanna.

Fylgiskjal:

Áfangaskýrsla stýrihóps um sárafátækt, nóvember 2019.